

1 / 30000 afstöðumynd
mkv: 1:1000

0 25 50 75 100 125 150 M

BYGGINGARLÝSING, SÖRLASKEIÐ 13a
REIÐHÖLL SÖRLA

Landeignanúmer: L121340

ALMENNT

Sótt er um að byggja nýja reiðhöll og félagsaðstöðu við núverandi reiðskemmu sem byggð var 1993 eftir teikningum Sigurþórs Aðalsteinssonar.
Núverandi bygging er bogaskemma með báruðum málmplötum. Þjónustuendi er steinsteyptur, klæddur málmklæðningu. Í norðurhluta núverandi skemmu er félagsaðstaða á tveimur hæðum ásamt félagshesthúsi. Félagsaðstaða verður stækkuð til norðurs og í tengslum við hana verður útleigurými fyrir tengda starfsemi. Ný reiðhöll er austan núverandi byggingar. Áhorfendastúku eru sæti fyrir um 800 manns. Ný félagsaðstaða og áhorfendastúka koma að mön sem mun þjóna sem áhorfendabrekka fyrir reiðvelli norðan bygginganna.
Útveggir og þök eru gerð úr viðhaldsvænum og varanlegum byggingarefnum. Ofan á burðarbita úr stáli er klætt með sigötuðu trapíustáli. Ofan á það kemur einangrun og veðurkápa er dúkur.
Útveggir eru samlokueiningar, ytra byrði málmklætt.
Í húsinu er lyfta sem ber 1125 kg og er stærð vagns amk 1100 x 2100 mm. Hurðir í lyftu eru með hliðaropnun B = 90sm, hraði 1,0 m/s.

Sorpi er komið fyrir í sorpgerði vestan við gömlu reiðskemmuna. Þar verður aðstaða til sorpflokkunar.

STÆRÐIR

	bruttóflatarmál	rúmmál
fyrir breytingu		
botn		285,5 m³
1. hæð	1.200,0 m²	5.970,0 m³
2. hæð	227,5 m²	620,0 m³
heildarstærðir	**1.427,5 m²**	**6.875,5 m³**
eftir breytingu		
botn		1.012,3 m³
1. hæð	5.037,1 m²	35.807,0 m³
2. hæð	907,0 m²	3.332,2 m³
heildarstærðir	**5.944,1 m²**	**40.153,0 m³**
breyting:	**4.516,6 m²**	**33.277,5 m³**

Lóðarstærð: 84.726,0m²
Nýtingarhlutfall: 0,07

BURÐARVIRKI

Burðarkerfi reiðhallar er vagnstífður stálrammi með stífukrossum í langáttina. Þakvirki er berandi stáltrapíusplötur. Undirstöður og áhorfendapallar eru úr járnbentri steinsteypu.
Neðri hæð tengibyggingar er úr járnbentri steypu. Milligólf er slakbent og hvilir að hluta á veggjum og hluta á súlum og bitum. Efri hæð er með stálburðarkerfi í bland við steypta veggi og götuðum trapíusplötum á þaki.

FRÁGANGUR UTANÚSS

- Þök: Þak á viðbyggingum, félagsaðstöðu, tengibyggingu og reiðhöll er úr götuðu trapíustáli. Ofan á það kemur einangrun. Veðurkápa er dúkur.
- Útveggir: Þeir útveggir sem eru huldir jarðvegi eru steinsteyptir og einangraðir að utan. Aðrir veggir eru úr samlokueiningum með málmklæddu ytra byrði.
- Gluggar/hurðir: Gluggar eru álgluggar. Sólvarnangler / glærir flotgler / Gryggisgler þar sem við á.

LITAVAL UTANHÚSS

- Sökklar: Dökk málmklæðning
- Málmklæðningar: Félagsaðstaða og tengibygging
  - litur RAL 9010
  Ný reiðhöll
  - litur RAL 7022
- Gluggar - litur RAL 7022
- Þakflöturur: - Grár dúkur.

FRÁGANGUR INNANHÚSS

- Gólf : Gólf í félagsaðstöðu eru flísalögð
  Gólf í áhorfendastúku reiðhallar verða með vélslípuðu steinsteyptu yfirborði.
  Reiðgólf verður með timburkurll.
- Steyptir veggir: Sandsparslaðir og málaðir.
- Léttir innveggir: Gips a stálgrind og sandsteinn, spartlaðir og málaðir.
- Innihurðir: Hindrunarlaus umferðarbreidd innihurða er að lágmarki 800mm.
- Klæðningar: Sjá Brunavarnir
- Loft: Í reiðhöll og efri hæð félagsaðstöðu er loft með gataðri trapíusklæðningu. Steypt loft á neðri hæð félagsaðstöðu verða með hljóðísogandi klæðningu.

BÍLASTÆÐI

Á lóð hestamannafélagsins eru skv. skipulagi sýnd 424 bílastæði. Að auki eru 7 stæði við reiðhöllina fyrir hreyfihamlaða.

EINANGRUN

- Botnplata: 100 mm plasteinangrun
- Sökklar: 100 mm plasteinangrun
- Veggir neðanjarðar: 100 mm plasteinangrun
- Veggir með samlokueiningum: 100mm steinullareinangrun
- Þak: 200 mm steinullareinangrun

KÓLNUNARTÖLUR

Reiðhöllin (10-18°C):

- Þak: 0,3
- Léttur útveggur: 0,4
- Staðsteyptir sökklar í jörð, einangraðir að utan: 0,4
- Gluggar (karmar / gler – vegið meðaltal): 3,0
- Hurðir: engin krafa
- Gólf á fyllingu: 0,4

Viðbyggingin (>18°C):

- Þak: 0,2
- Léttur útveggur: 0,3
- Staðsteypir veggir einangraðir að utan: 0,4
- Gluggar (karmar / gler – vegið meðaltal): 2,0
- Hurðir: 3,0
- Gólf á fyllingu: 0,3

RAFKERFI

Rafkerfið er 3x400V, 5 víra kerfi, „TN-S" hannað í samræmi við ÍST 200:2006 („Raflagnir bygginga"). Einungis er nýlað í aðaltöflu. Gert er ráð fyrir færslu og stækkun á núverandi heimtaug. Ný aðaltafla mun fæða eldri aðaltöflu. Lagnaleiðir verði í aðgengilegum strengjastigum. Lýsing er hönnuð í samræmi við ÍST EN 12464-1:2014 („Lighting of work places") og (ÍST EN 12193:2018 („Sports lighting").
Sjálfvirkt Brunaviðvörunarkerfi verður byggt upp í samræmi við „Leiðbeiningar um sjálfvirka brunaviðvörun (HMS 6.038), og ÍST EN 54. Gert er ráð fyrir að kerfið tengist vaktstöð með sólahrings vöktun.
Neyðarlýsing kemur inn við straumrof. Neyðarlýsing er hannað í samræmi við ÍST EN 1838 – „Emergency lighting".

LAGNIR OG LOFTRÆSING

Lagnir og loftræsing
Inntök fyrir vatnsveitu og hitaveitu fyrir alla bygginguna verða í inntaksrými á jarðhæð. Þaðan dreifast lagnir undir niðurteknu lofti fyrir jarðhæðina og upp á efri hæð í lagnaskökum. Gert er ráð fyrir rými á efri hæð fyrir loftræsisamstæðu. Stofnlagnir verða aðgengilegar undir loftum í viðbyggingu. Greinalagnir í viðbyggingu verða huldar í léttum veggjum eða sýnilegar eftir því sem við á. Lagnir í reiðhöll verða sýnilegar á veggjum og við loft.

Neysluvatnslagnir
Stofnlagnir og greinalagnir fyrir heitt og kalt vatn verða úr viðurkenndu efni sem ætlað er til neysluvatnslagna. Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn með varmaskipti. Hringrás verður á heitu vatni. Stofnlagnir verða einangraðar með gjerull og greinalagnir með innveggjaeinangrun. Lagnir í reiðhöll verða sýnilegar við loft eða á veggjum eins og við á. Í viðbyggingu verða stofnlagnir aðgengilegar ofan við kerfisloft og greinalagnir inni í léttum veggjum eða sýnilegar eftir því sem við á.

Hitakerfi
Byggingin verður hituð upp að mestu með ofnum og tempruðu lofti frá vélrænni loftræsingu. Reiðhöllin verður hituð upp með loftræsingu og verður viðmiðunarhitastig 10-18°C. Sýnilegar lagnir í ofna verða þunnveggja lagnir úr svörtu stáli en huldar stofnlagnir verða úr skrúfuðu svörtu stáli. Helstu inngangar, bílastæði fatlaðra og gönguleiðir verða með snjóbræðslu sem mun nýta afgangsvarma frá byggingunni.

Loftræsikerfi
Áhersla er lögð á góða innivist í byggingunni og verða rými almennt loftræst með vélrænni loftræsingu í samræmi við ÍST EN 16798. Innblástur og útsog verður í hvert rými eftir því sem við á. Samstæða verður staðsett í tæknirými á efri hæð og verður með varmaendurvinnslu. Útkast og inntak loftræsingar verður á þaki fyrir ofan tæknirýmið. Brunahönnun loftræsiskerfi verður með reyk og brunalokum skv. DS 428

Frárennsliskerfi
Stofnalagnir og greinalagnir í frárennsliskerfi verða úr viðurkenndu lagnaefni fyrir frárennsli. Frárennsli er leitt í rotþró / skolphreinsistöð fyrir utan húsið sem verður hönnuð skv. ÍST EN 12255. Frárennsli frá vélageymslu verður meðhöndlað í olíugildru áður en því er veitt í veitukerfi útí í götu.

BRUNAVARNIR

Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun ÖRUGG verkfræðistofu dags. 2. nóvember 2021.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Byggingin er í notkunarflokkum 1 og 2. Um er að ræða félagsaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla. Brunaálag í reiðhallarsólum <400 MJ/m², annars <800 MJ/m². Forsendur brunahönnunar reiðhallarsala og undirbúningssvæðis knapa miðast við almenna reiðhallarstarfsemi, s.s. þjálfun, hestasýningar, mótahald, æfingar o.þ.h.

Reiknað er með allt að 850 manns í stúku nýbyggingar og allt að 360 manns í samkomusal á efri hæð.

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi, tengt viðurkenndri vaktstöð samkvæmt leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Stjórnstöð kerfis verður í nýju anddyri.

Handslökkvibúnaður
Slöngukefli skulu vera skv. ÍST EN 671-1, staðsett skv. aðaluppdrætti. Slöngukefli á gólfi nýrrar reiðhallar skulu vera a.m.k. 40m löng en 30m löng annars staðar. Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3, almennt 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 144B. Staðsett við stöðugukefli og flóttaleiðir skv. aðaluppdrætti. Í nýju tæknirými verður einnig 5kg kolsýrutæki með slökkvigetu a.m.k. 50B.

Reyklosun
Reyklosun frá nýjum reiðhallarsal verður með þremur sjálfvirku reyklúgum sem opnast við staðfest boð frá brunaviðvörunarkerfi. Lúgurnar verða hver um sig með 2m² skilvirkt flatarmál. Reyklosun frá eldri reiðhallarsal er með átta 4m² gegnumbrennanlegum þakgluggum, jafndreifðum yfir salinn. Sjálfvirk reyklosunarlúga verður yfir stigahúsi í forsal með 1m² skilvirkt opnunarflatarmál.
Innloft kemur um dyr á austurhlið nýrrar reiðhallar sem opnast samtímis reyklúgum í þaki.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni skulu leiðarmerkingar og neyðarlýsing vera skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing skal vera 1 lux á skilgreindum flóttaleiðum en 5 lúx í stigum, í áhorfendastúku, við öryggisbúnað og í tæknirýmum. Svæðislýsing (a.m.k. 0,5 lúx) verður í reiðhallarsólum, á snyrtingum hreyfihamlaðra og opnum rýmum stærri en 60m². Sömu kröfur eru gerðar til svæða núverandi byggingar sem nýbyggingin hefur áhrif á.

Rýming við eldsvoða
Skylt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnueftirlitsins. Flóttaleiðir eru sýndar á yfirlitsteikningum og aðaluppdráttum.
Hurðir í flóttaleið að skulu hafa a.m.k. hún og sneril. Hurðir flóttaleiða út um anddyri á jarðhæð, frá samkomusal beint út og fram í forsal og frá stúku nýrrar reiðhallar skulu hafa neyðarslá skv. ÍST EN 1125.
Öruggt svæði verður á efri hæð stigahúss eldri byggingar, búið samskiptabúnaði í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 9.5.10. Hreyfihamlaðir geta að öðru leyti nýtt sér allar almennar rýmingarleiðir.

Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1. Allar nýjar vegg- og loftaklæðningar verða $K_1$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Niðurhengd loft, upphengikerfi og hljóðdempunarplötur þar sem slíkt verður notað verða í flokki B-s1,d0. Gólfefni skulu almennt uppfylla D_{fl}-s1 (flokk G). Sæti áhorfendastúku skulu vera úr tregbrennanlegum efnum. Eldri veggjaklæðningar í núverandi reiðhöll eru að hluta í flokki 2 skv. umfjöllun í brunahönnun.

Útveggir og þak
Utanhússklæðningar verða almennt óbrennanlegar, í flokki A2-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1. Nýbygging reiðhallar verður klædd með stálsamlokueiningum með óbrennanlegum steinullarkjarna.

Brunahólfun
Þrátt fyrir stærð meginbrunahólfa er ekki reiknað með sjálfvirku vatnsúðakerfi í byggingunni, enda brunaálag og brunahætta almennt lágt og sýnt fram á öryggi byggingarinnar með brunatæknilegum útreikningum í brunahönnun.

Brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum arkitekta, almennt með EI60 veggjum og $EI_{1}30$-CS_{300} hurðum. Merkingar hurða á aðaluppdráttum arkitekta eru án hnévísa, t.d. EI30-CS. Almennt skulu hurðir með kröfu um einangrun (I) og reykþéttingu (S) uppfylla I2 og S_{200} nema annað sé sérstaklega sýnt.
Reiðsalir núverandi byggingar og nýbyggingar verða, ásamt undirbúningssvæði knapa, saman í einu EI90 brunahólfi. Frá forsal og stigahúsi nýbyggingar að reiðsal verða EI260-CS_{200} hurðir. Samkomusalur myndar EI60 brunahólf með EW30 gleri og EW30-CS_{200} hurðum. Sá hluti eldhúss þar sem eldun fer fram verður brunahólfað EI60 með EI_{1}30-CS_{200} hurðum. Ný vélageymsla verður með EI90 skilum að reiðhöll en EI60 skilum annars, með EI_{1}60-CS_{200} hurðum.
Stigahús núverandi byggingar verður brunahólfað EI60 frá neðri hæð en verður án hólfunar að fundarherbergi og skrifstofurými á efri hæð.

Loftræsikerfi
Byggingin er loftræst með vélrænni loftræsingu með loftræsisamstæðu í tæknirými.
Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa).

Aðstaða slökkviliðs
Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd. Brunastöð er í anddyri.

Burðarvirki við bruna
Burðarvirki nýbyggingar reiðhallar verður úr stáli. Stálvirki þaks verða óvarin en lóðrétt stálvirki verða varin R30 gagnvart staðbundnum bruna. Burðarvirki nýrrar aðstöðubyggingar eru úr stáli og steypu og skulu uppfylla a.m.k. R60 brunamótstöðu – stálvirki verða varin með eldvarnarmálningu. Engar breytingar eru gerðar á meginburðarvirkjum núverandi byggingar, sem eru úr limtré og steinsteypu.

Viðhald brunavarna
Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi. Gera skal þjónustusamning um viðhald á neyðarlýsingu, handslökkvibúnaði og sjálfvirkum reyklúgum. Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir byggingu.

HLJÓÐVIST

Við byggingu Reiðhallar Sörla verða kröfur til hljóðvistar samkvæmt byggingarreglugerð 112/2012 hafðar til hliðsjónar. Byggingarreglugerð vísar til hljóðvistarstaðalsins ÍST45 – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, og verður húsið hannað fyrir hljóðflokk C.
Ómtíma- og hljóðeinangrunarviðmið verða uppfyllt. Það er gert með því að beita þekktum aðferðum í uppbyggingu veggja, lofta og gólfa ásamt réttu vali hurða. Hljóðeinangrun glerja verður valin með hliðsjón af hljóðstigi utandyra þannig að hljóðstig innandyra verði innan viðmiðunargilda hljóðvistarstaðalsins.
Einnig verður horft til þess að frágangur tæknibúnaðar hússins verði sem best á kosið þannig að hljóðstig frá honum valdi ekki truflun innanhúss eða utan.
Frekari upplýsingar og útfærslur á hljóðhönnun hússins verður að finna í hljóðvistargreinargerð 1 og 2, sem og í verklýsingum arkitekta og annarra hönnuða þar sem við á.

FYLGISKJÖL ERINDIS

Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu dags. 27. október 2021.
Um hljóðvist er fjallað í greinargerð Hljóðvist Ráðgjöf & Hönnunt 30. ágúst 2021

Samþykkt þann
10. Nóv. 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
STIMPILREITUR

Örugg
Elvar Ingi Jóhannesson
Rafræn undirskrift
03.11.2021

SÞLS
9.11.2021

breyting:	skýring:	dags.:	teiknað:

KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

REIÐHÖLL SÖRLA

efni:
Afstöðumynd og byggingarlýsing
SÖRLASKEIÐ 13A

mkv.:		teiknað	yfirfarið
1:1000		þm	þs
verknr.	teikn. nr. / útgáfa	dags.:	
21-04	30000	16.9.2021	

hönnunarstjóri
Þórður Steingrímsson kt. 071061-3459

bls. 1 skrá: 21-04 GRUNNUR.vwxp

Frumstærð blaðs: A1
Fyrirvari: Ekki skal mæla af teikningum, aðeins miðaðar stærðir eru í gildi. Frumkvæmniteikniðill skal tannreyna öll mál á verkstað.